

2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2013-2014

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík fimmtudaginn 10. október 2013 kl. 10:00.

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Haraldur Bóasson, Margrét Bjarnadóttir og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Rekstrarstaða félagsins og horfur framundan

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir rekstrarstöðu ársins og lagði fram átta mánaða rekstraryfirlit. Reksturinn er í megin atriðum í samræmi við áætlun ársins sem gerir ráð fyrir lítilsháttar rekstrarafgangi.

Framkvæmdastjóri kynnti upplýsingar úr fjárlagafrumvarpi næsta árs en þar er gert ráð fyrir að framlög til atvinnuþróunarfélaganna verði nánast þau sömu í krónutölu og á yfirstandandi ári. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir lítilsháttar lækkun á framlögum til vaxtarsamninga frá því sem nú er.

2. Samstarfssamningur AP, NMÍ og Norðurþings

Farið yfir samningsdrög sem unnin hafa verið í framhaldi af fundi sem fulltrúar ofangreindra aðila áttu í lok ágúst þar sem ræddir voru möguleikar á auknu samstarfi til að efla stoðkerfið á svæðinu. F.h. AP sátu formaður og framkvæmdastjóri fundinn. Starfsstöð NMÍ á Húsavík er nú mannlau og er áhugi á því að manna hana útfra sérfræðiþekkingu á orkusviði með áherslu á jarðvarma.

Nokkrar breytingar gerðar á fyrirliggjandi drögum og framkvæmdastjóra falið að koma breyttum texta á framfæri við aðra samingsaðila.

3. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framvindu og stöðu mála varðandi Aurora Observatory og uppbyggingu kínversk - íslensku rannsóknarmiðstöðvarinnar í norðurljósarannsóknnum á Kárhóli í Reykjadal.
- b) Framkvæmdastjóri sagði frá aðkomu félagsins að sameiginlegri umsókn vinnslu- og útgerðaraðila á Raufarhöfn um sértækan byggðakvóta sem Byggðastofnu hefur til ráðstöfunar næstu fimm fiskveiðiár, en rekja má tilkomu kvótans til þess byggðaðróunarverkefnis sem hófst á Raufarhöfn á haustdögum 2012.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45